

Tilkynning um reglubreytingu

Dags: 1. desember 2023

Breytingar á reglum fyrir útgefendur hlutdeildarskírteina

Nasdaq Iceland hf. ("Kauphöllin") hefur tekið ákvörðun um að gera breytingar á reglum fyrir útgefendur hlutdeildarskírteina.

Regla um viðskiptavakt hefur verið útvíkkuð á þann veginn að hún fjallar nú með almennari hætti um seljanleika. Auk kröfunnar um viðskiptavakt er tekið fram að tryggja þurfi viðeigandi dreifingu hlutdeildarskírteina til almennings. Í skýringarmálgrein með greininni er tekið fram að markmiðið með þessu skilyrði er að tryggja að fjárfestar geti átt viðskipti með hlutdeildarskírteini útgefanda á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt. Við mat á því hvort skilyrðið teljist uppfyllt skal horft með heildstæðum hætti á fyrirkomulag viðskiptavaktar og dreifingu til almennings.

Athugasemdir

Við viljum endilega heyra álit ykkar svo við getum tryggt að reglurnar séu skýrar og þjóni markmiðum sínum um að tryggja viðeigandi fjárfestavernd. Sömuleiðis væri gott að fá að vita ef það er eitthvað annað sem þið teljið að megi skýra eða lagfæra í reglunum.

Þið getið sent spurningar eða athugasemdir á netfangið surveillance.ice@nasdaq.com. Lokafrestur til að koma formlegum ábendingum á framfæri er til 15. desember 2023.

Gildistaka

Breytingarnar taka gildi 1. janúar 2024.

Hægt er að hlaða niður reglunum á eftirfarandi vefsíðu:

<https://www.nasdaq.com/market-regulation/nordics/iceland>